

TILLAGA MIÐSTJÓRNAR

um breytingar á lögum ASÍ, lögð fyrir 47. þing ASÍ 2026

Frumvarp þetta var rætt á fundi Skipulags- og starfsháttanefndar 16.3 og 4.5 2026 og í miðstjórn ASÍ 6.5, 3.6 og 16.6 2026. Breytingar eru birtar með rauðu lettri.

Hlutverk sambandsins

3. grein 1.mgr. breytist og hljóði svo:

Hlutverk sambandsins er:

Að hafa forystu í stéttarbaráttu launafólks, koma fram fyrir hönd aðildarfélaganna í sameiginlegum málum gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum, innanlands og á alþjóðavettvangi. Móta og samræma heildarstefnu samtakanna í atvinnu-, mennta-, umhverfis-, **jafnréttis-, velferðar-, húsnæðis-** og kjaramálum.

Greinargerð:

3. grein laga ASÍ greinir hlutverk þess. Sú tilgreining er endurspegluð í starfs- og málefnanefndum miðstjórnar. Samkvæmt áratugahefð sinnir ASÍ sérstaklega húsnæðismálum, velferðarmálum og jafnréttismálum. Til þess að innsigla þetta hlutverk er lagt til að það hlutverk sé endurspeglað í 1.mgr. 3.gr.

Hverjir teljast fullgildir félagsmenn og missir kjörgengis

Við 16.gr. bætist þrjár nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Fullgildir félagsmenn í aðildarfélögum ASÍ skulu að minnsta kosti vera greiðandi launafólk á félags- og samningssviði félagsins og sem óskað hefur formlega aðildar eða ekki svarað tilkynningu félagsins eftir að iðgjöldum hefur samfelld verið skilað til félagsins í a.m.k. 3 mánuði.

Aðildarfélög skulu hafa í lögum sínum ákvæði þess efnis að missi kjörinn fulltrúi í trúnaðarstöðum á vettvangi félagsins kjörgengi, skuli hann sjálfkrafa víkja úr stöðu sinni innan félagsins og þeim stöðum sem hann gegnir fyrir hönd þess félags á vettvangi ASÍ.

Missi fulltrúi á sambandsþingi eða í annarri trúnaðarstöðu sem hann hefur verið kjörinn til á vettvangi ASÍ, stöðu sína sem fullgildur félagsmaður þess félags sem hann tilheyrði þá er hann tók kjöri, víkur hann sjálfkrafa úr stöðu sinni á vettvangi ASÍ.

Greinargerð:

Á síðustu árum hefur komið til þess að kjörnir fulltrúar í miðstjórn segi af eftir að kjöri hefur verið náð. Það hefur komið til vegna þess að viðkomandi náði ekki endurkjöri til formennsku í aðildarfélagi, vegna ágreinings innan miðstjórnar o.fl. Sú staða skapaðist jafnframt eftir síðustu Alþingiskosningar að einn varaforseta ASÍ og einn miðstjórnarmaður náðu kjöri á Alþingi og á fundi miðstjórnar eftir það kom fram spurning hvernig færi um stjórnarsetu viðkomandi varaforseta sem þegar hefur sagt af sér embætti formanns, bæði í aðildarfélagi sínu og landssambandi. Til þess að eyða vafa um túlkun laga ASÍ og framkvæmd eru nokkrar breytingar á lögnum lagðar til.

Almennt um kjörgengi: Kjörgengi er rétturinn til þess að bjóða sig fram í kosningum, hvort sem um er að ræða lögbundnar kosningar skv. landslögum eða kosningar innan félagasamtaka og þá skv. lögum þeirra. Orðin kjörgengi og hæfi eru oft notuð jöfnum höndum. Tilgangur reglna um kjörgengi og kosningarétt er að afmarka þann hóp einstaklinga sem saman kemur til þess að velja úr sínum röðum, einstaklinga sem ætlað að stjórna viðkomandi samfélögum eða samtökum og gæta hagsmuna þeirra og félagsmanna allra. Þetta birtist t.d. í þeirri meginreglu að einungis íslenskir ríkisborgar greiða atkvæði í þingkosningum og hafa rétt til þess að bjóða sig fram (njóta kjörgengis). Yfirleitt fer kjörgengi saman með réttinum til þess að kjósa, en það er þó ekki algilt og á ekki við þegar kjörnir eru fulltrúar til þess að fara með atkvæði þeirra sem velja þá (fulltrúalýðræði). Til dæmis er miðstjórn ASÍ kjörin af þingfulltrúum aðildarsamtakanna á þingum ASÍ en ekki af félagsmönnum sjálfum. Hins vegar eru allir fullgildir félagsmenn í aðildarfélögum ASÍ kjörgengir í miðstjórn þó þeir hafi ekki náð kosningu á þing ASÍ.

Lög ASÍ geyma skýr ákvæði um kjörgengi til embætta innan sambandsins en geyma hins vegar engin ákvæði um hvernig bregðast skuli við, missi kjörinn fulltrúi kjörgengi sitt. Á því þarf í ljósi reynslunnar að taka.

Lög ASÍ: Í 26.gr. laga ASÍ segir: „Kjörgengir á sambandsþing og í aðrar trúnaðarstöður Alþýðusambands Íslands eru allir fullgildir félagsmenn í aðildarfélögum ASÍ.“ Hver teljist fullgildir félagsmenn og þar með kjörgeng (hæf) í trúnaðarstöður á vettvangi ASÍ ræðst því af lögum einstakra aðildarfélaga sambandsins. Í lögum ASÍ er ekki fjallað um afleiðingar þess að löglega kjörinn fulltrúi í miðstjórn eða aðrar stöður sem sambandsþing eða miðstjórn kýs til missi kjörgengi sitt þar sem hann teljist ekki lengur fullgildur félagsmaður og kjörgengur í einhverju aðildarfélagi ASÍ.

Á ákvæði 26.gr. hefur ekki reynt með formlegum hætti á vettvangi ASÍ enda lagt til grundvallar af hálfu ASÍ, að aðildarfélagin sjálf haldi utan um skráningu félagsmanna sinna og stöðu þeirra með tilliti til þess hverjir teljist hafa fullgildaaðild og hverjir aukaaðild. Hins vegar er að finna mörg dæmi þess að kjörinn miðstjórnarfulltrúi láti af störfum í miðstjórn þegar hann uppfyllir ekki lengur kjörgengisskilyrði í aðildarfélagi sínu enda getur hann vart með

trúverðugum hætti gætt hagsmuna síns aðildarfélags og félagsmanna þess eftir það og því eðlilegt að látið sé af störfum.

Lög aðildarfélaga ASÍ: Af 26.gr. laga ASÍ leiðir að ef félagsmaður telst fullgildur félagsmaður og kjörgengur skv. lögum síns aðildarfélags, þá nýtur hann kjörgengis á vettvangi ASÍ. Samkvæmt 8.gr. laga ASÍ hafa aðildarfélögin fullt frelsi um sín innri mál, þó þannig að ekki brjóti í bága við lög ASÍ eða samþykktir sambandsþinga. Þau eru jafnframt bundin af ákvæðum laga nr. 80/1938 þar sem segir í 2.gr. að stéttarfélög skuli vera opin öllum í hlutaðeigandi starfsgrein á félagssvæðinu eftir nánar ákveðnum reglum í samþykktum félaganna. Þó ákvæðið 2.gr. fjalli ekki sérstaklega um hvað megi eða megi ekki vera í „nánar ákveðnum reglum í samþykktum félaganna“, þá verða þær reglur að uppfylla nokkur almenn skilyrði auk þess sem mismunun er bönnuð skv. lögum.

Hvað kjörgengi á vettvangi aðildarfélaga ASÍ varðar má fullyrða að sú meginregla gildi að allt greiddandi launafólk sem vinnur skv. kjarasamningum félagsins á félagssvæðinu og sem annað af tvennu hefur óskað aðildar eða ekki svarað tilmælum þar um (neikvæð stofnun félagsaðildar) teljast fullgildir félagsmenn og kjörgeng til trúnaðarstarfa fyrir félagið. Með vísan til laga ASÍ teljast þau þá einnig kjörgeng til sambandsþings og þeirra trúnaðarstarfa sem þingið kýs til. Hins vegar geyma lög margra aðildarfélaga ASÍ, rétt eins og lög ASÍ, ekki skýrar reglur um afleiðingar þess að sitjandi kjörnir fulltrúar missi kjörgengi. Engin slík ákvæði var auk þess að finna í „Leiðbeinandi fyrirmynd að lögum fyrir verkalýðsfélög“ sem miðstjórn ASÍ gaf úr 1985 og aftur 1997. Hins vegar var fjallað um þetta álitamál í störfum Skipulags- og starfsháttanefndar 2002-2003 þá er undirbúnar voru reglur um „Réttindi og skyldur stjórnarmanna í verkalýðsfélögum, landssamböndum og starfsmanna þeirra.“ Í þeim drögum sem nefndin skilaði frá sér til segir m.a. „Missi fulltrúi í stjórn kjörgengi til starfans samkvæmt lögum félagsins af einhverjum ástæðum, vísar hann úr stjórn.“ Þetta ákvæði var fellt úr reglunum við endanlega afgreiðslu þeirra og talið að betur færi á því að aðildarfélögin sjálf réðu hvernig þau myndu skipa þessu.

Nokkur aðildarfélög hafa þó slík ákvæði í lögum sínum og skulu nokkur dæmi tekin. Í 2.mgr. 12.gr. laga Verkalýðsfélags Suðurlands segir: „...Missi stjórnarmaður kjörgengi sitt á tímabilinu skal hann tafarlaust víkja úr stjórnnum Verkalýðsfélags Suðurlands...“ Í 2.mgr. 23.gr. laga Framsýnar segir: „... Missi stjórnarmaður kjörgengi sitt á kjörtímabili skal hann tafarlaust víkja úr stjórn Framsýnar. Sama regla gildir um aðra kjörna fulltrúa í stjórnnum og ráðum félagsins...“ Í 32.gr. laga RSÍ segir um þetta efni. „Kjörtímabil fulltrúa er tímabilið milli reglulegra sambandsþinga og má félag ekki kjósa oftár en einu sinni á kjörtímabilinu nema kjörinn fulltrúi falli frá eða missi kjörgengisskilyrði og varafulltrúi sé forfallaður...“ Í 1.mgr. 11.gr. laga VR segir um þetta efni: „... Stjórnarmenn sem missa hæfi skv. framansögðu á kjörtímabili sínu víkja sjálfkrafa og tafarlaust úr stjórn og taka varamenn sæti í þeirra stað til loka kjörtímabilsins. Sama regla gildir um aðra kjörna fulltrúa í stjórnnum og ráðum

félagsins. ..." Í lögum VR er einnig að finna sérstakt ákvæði um fullgilda aðild byggða á stjórnarlausnum en í 3.gr. laga félagsins segir: „Fullgildur félagi sem byggir fullgilda aðild sína á greiðslu iðgjalda af þóknun fyrir setu í stjórnnum eða ráðum á vettvangi félagsins eða fyrir þess hönd að hluta eða öllu leyti nýtur ekki kjörgengis. Ákvæði þetta tekur ekki til kjörinna fulltrúa sem jafnframt eru starfskraftar félagsins." 30.gr. laga VM er af svipuðum toga þó orðalag sé ekki eins skýrt en þar segir: „... Stjórnarmenn verða að uppfylla almenn hæfisskilyrði samkvæmt lögum þessum til félagsaðildar sem og njóta lögræðis. ..." Þó orðalagið sé ekki eins skýrt og ákjósanlegt væri, þá á það við um starfandi kjörna stjórnarmenn á embættistíma þeirra.

Loks skal tekið fram, að líkt og á við um setu í miðstjórn ASÍ, má finna mörg dæmi þess að kjörnir stjórnarmenn í aðildarfélögum ASÍ láti af stjórnarstöfum þegar þau uppfylla ekki lengur kjörgengisskilyrði eða taka upp önnur störf.

Landslög: Eins og áður segir þá njóta stéttarfélög frelsis um sín innri mál. Það byggir bæði á lögum ASÍ og ákvæðum stjórnarskrár og alþjóðlegra mannréttindasáttmála. Við túlkun á lögum þeirra gilda almenn túlkunarsjónarmið og í því efni má m.a. líta til þess hvernig sambærilegum þáttum sé skipað í landslögum og þau túlkuð. Nokkur dæmi skulu tekin. Í 50.gr. stjórnarskrár Íslands3 segir: "Nú glatar alþingismaður kjörgengi, og missir hann þá rétt þann, er þingkosningin hafði veitt honum." Og skv. 46.gr. er það Alþingi sem sker sjálft úr því, hvort þingmaður hafi misst kjörgengi og skv. 4.mgr. 65.gr. tekur varamaður við þessar aðstæður sæti sem aðalmaður út kjörtímabilið. Þessar reglur eru síðan speglaðar í kosningalögum nr. 112/20214 sem eiga bæði við um kosningar til Alþingis og sveitarstjórna. Skv. 1.mgr.30.gr. sveitarstjórnarlaga nr.38/2011 skal sveitarstjórnarfulltrúi víkja úr sveitarstjórn missi hann kjörgengi og skv.1.mgr. 29.gr. er það sveitarstjórn sem úrskurðar um hvort fulltrúi hafi misst kjörgengi. Samkvæmt 42.gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994 er hlutafélagaskrá heimilt til að af skrá stjórnarmenn sem missa hæfi (kjörgengi) geri stjórn félagsins það ekki og sama reglna gildir um önnur hlutafélög skv. lögum nr. 30/199, um samvinnufélög skv. 2.mgr. 27.gr. laga nr. 22/1991 og um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur skv. 15.gr. laga nr. 33/1999.

Fullyrða má að skv. stjórnarskrá og almennum lögum sé byggt á því sem eðlilegri og rökréttri meginreglu, að kjörnum fulltrúum beri ekki einungis að uppfylla kjörgengisskilyrði þegar kosning á sér stað, heldur á öllum embættistíma sínum og víkja sæti ef kjörgengi glatast.

Nauðsyn breytinga: Þegar litið er til laga ASÍ og aðildarfélaga sambandsins, framkvæmdar á þeim og til landslaga má draga þá almennu ályktun að missi kjörinn stjórnarmaður kjörgengi (hæfi) skv. þeim skilyrðum sem viðkomandi félög, samtök eða stofnanir setja sér, þá víki hann sæti í eigin aðildarfélagi og samhliða á vettvangi ASÍ og varamaður tekur stöðu hans. Framkvæmdin getur verið með tvennum hætti. Stundum geyma lög eða

reglur skýr ákvæði um að viðkomandi víki sjálfkrafa sæti eins og t.d. á við um Verkalýðsfélag Suðurlands, Framsýn og VR. Geymi lög og reglur ekki skýr ákvæði um sjálfkrafa framkvæmd verður að telja að stjórn viðkomandi samtaka úrskurði þar um bregðist stjórnarmaður ekki sjálfur við með afsögn, líkt og á við um Alþingi og sveitarstjórnir og reyndar einnig hvað varðar hlutafélög og samvinnufélög sem þurfa að þola aðgerðir stjórnvalda um af skráningu stjórnarmanns sem missir hæfi, bregðist stjórnirnar sjálfar ekki við.

Lög ASÍ geyma ekki sérstakar reglur um kjörgengi, aðra en þá að allir fullgildir félagsmenn aðildarsamtakanna teljast kjörgeng til sambandsþings og trúnaðarstarfa á vettvangi ASÍ. Með öðrum orðum þá ræðst kjörgengi innan ASÍ af kjörgengi viðkomandi einstaklings skv. lögum þess aðildarfélags sem hann tilheyrir. Af því leiðir að framkvæmd getur verið með ólíkum hætti, allt frá því að einstaklingar víkja sjálfkrafa skv. lögum síns aðildarfélags og þá um leið úr trúnaðarstöðum á vettvangi ASÍ en hvað önnur tilvik varðar þarf meira að koma til. Meginreglan virðist þá vera, að sú stjórn sem viðkomandi situr í skuli taka ákvörðun hér um líkt og á við um Alþingi og sveitarstjórnir.

Geymi lög viðkomandi aðildarfélags ekki skýr ákvæði hér um og ef stjórn þess bregst ekki við þegar fulltrúi þess hefur misst kjörgengi er það undir miðstjórn ASÍ komið að bregðast við og taka ákvörðun um hvort viðkomandi skuli víkja úr trúnaðarstöðum á vettvangi ASÍ. Skv. almennum starfsreglum miðstjórnar myndi miðstjórn fela Skipulags- og starfsháttanefnd að fjalla um slík tilvik og veita álit sitt, áður en miðstjórn tekur endanlega ákvörðun um að viðkomandi einstaklingur sem misst hefur kjörgengi skuli víkja úr miðstjórn.

Þegar litið er til laga ASÍ og aðildarfélaga sambandsins, framkvæmdar á þeim og til landslaga má með sterkum rökum draga þá almennu ályktun að missi kjörinn stjórnarmaður kjörgengi (hæfi) skv. þeim skilyrðum sem viðkomandi félög, samtök eða stofnanir setja sér, þá víki hann sæti innan eigin félags og á vettvangi ASÍ. Um þetta skortir þó skýr ákvæði í lög aðildarfélaganna og lög ASÍ og tilgangurinn með breytingum á 26.grein er sá að kveða skýrt á um þetta.

Í fyrsta lagi með því að setja í lög ASÍ lágmarksákvæði um hverjir teljist vera fullgildir félagsmenn. Um er að ræða lágmarksákvæði geymi lög aðildarfélaganna engin ákvæði um hver teljist fullgildir félagsmenn. Kjósi þau að veita t.d. gjaldfrjálsum eldri kjörgengi, þá er það þeim í sjálfsvald sett.

„Fullgildir félagsmenn í aðildarfélögum ASÍ skulu að minnsta kosti vera greiddandi launafólk á félags- og samningssviði félagsins og sem óskað hefur formlega aðildar eða ekki svarað tilkynningu félagsins eftir að iðgjöldum hefur samfellt verið skilað til félagsins í a.m.k. 3 mánuði.“

Í öðru lagi að aðildarfélögin hafi ákvæði í lögum sínum um afleiðingar þess að félagsmaður missi kjörgengi.

„Aðildarfélög skulu hafa í lögum sínum ákvæði þess efnis að missi kjörinn fulltrúi í trúnaðarstöðum á vettvangi félagsins kjörgengi, skuli hann sjálfkrafa víkja úr stöðu sinni.“

Í þriðja lagi ákvæði um að missi félagsmaður stöðu sem fullgildur félagsmaður í aðildarfélagi ASÍ missi hann sjálfkrafa kjörgengi og stöðu á vettvangi ASÍ.

„Missi fulltrúi á sambandsþingi eða í annarri trúnaðarstöðu sem hann hefur verið kjörinn til á vettvangi ASÍ, stöðu sína sem fullgildur félagsmaður þess félags sem hann tilheyrði þá er hann tók kjöri, víkur hann sjálfkrafa úr stöðu sinni á vettvangi ASÍ.“

Aðildarsamtök og önnur samtök

18. grein 2.mgr. breytist og hljóði svo:

Hver þau **aðildar**samtök, sem vikið hefur verið úr Alþýðusambandinu, missa þegar í stað öll réttindi sín í sambandinu og fulltrúar þeirra umboð til trúnaðarstarfa innan ASÍ.

Greinargerð:

Lög ASÍ nota hugtakið „aðildarsamtök“ um landssambönd, öll félög einstakra sambanda og félög með beina aðild sbr. 5.gr. laga ASÍ. Í 2.mgr. 18.gr. er hugtakið „samtök“ notað sem ekki er í samræmi við orðanotkun 1 og 3. mgr. 18.gr. og getur það valdið misskilningi en í 2.mgr. er átt við „aðildarsamtök“. Lagt er til að þetta verði leiðrétt.

Boðun sambandsþings

22. grein breytist og hljóði svo:

Boða skal sambandsþing **með sannanlegum hætti** (bréflega **eða rafrænt**) með að minnsta tveggja mánaða fyrirvara.

Greinargerð:

Mikilvægt er að boðun sambandsþings sé gerð með sannanlegum hætti. Hugtakið bréflega var áður notað um almennar póstsendingar. Þær eru í dag bæði seinlegri, kostnaðarsamari og í sumum tilvikum óáreiðanlegri eftir breytingar á almennri póstpjónustu. Undanfarin ár hafa ASÍ og aðildarsamtökin byggt boðun funda á rafrænum sendingum í stoð bréflégra sendinga. Móttöku slíkra sendinga er auðvelt að staðfesta. Lagt er til með breytingu þessari að þeir starfshættir verði staðfestir. Sjá einnig samkynja tillögu um breytingu á 35.gr. um formannafundi.

Fulltrúar landssambanda og fulltrúa félaga í beinni aðild í miðstjórn

Við 33.gr. bætist ný málsgrein á eftir 5.mgr. sem hljóði svo:

Hvert landssamband og félög með beina aðild sameiginlega skulu eiga aðalmann og tilsvarandi varamann í miðstjórn.

Greinargerð:

Undanfarna áratugi hefur kjörnefnd sem kjörin er á sambandsþingi sett saman tillögu um kjör miðstjórnarmanna. Unnið hefur verið eftir þeirri reglu að hvert og eitt landssamband og félög með beina aðild sameiginlega skuli eiga a.m.k. einn aðalfulltrúa í miðstjórn og tilsvarandi varamann. Fjöldi aðalmanna og varamanna ræðst síðan af vægi félaganna innan ASÍ. Þetta hefur verið farsæl framkvæmd og mikil sátt ríkt um hana meðal þingfulltrúa en hún byggir hvorki á lögum eða reglugerðum ASÍ heldur því megin sjónarmiði að raddir allra þurfi og verði að heyrast innan æðstu stjórnar sambandsins. Sú staða getur komið upp komið upp við kosningu aðalmanna að fulltrúi landssambands eða fulltrúi félaga í beinni aðild nái ekki kosningu og eigi þá ekki sæti í miðstjórn næstu tvö ár. Viðkomandi myndi hins vegar áfram eiga sæti á fundum formanna landssambanda, stærstu félaga og félaga í beinni aðild sem að jafnaði gegnir mikilvægu hlutverki við samræmingu starfa í miðstjórn. Þessi staða hefur ekki komið upp frá því það verklag var tekið upp sem að framan greinir en hefur komið upp þegar varamenn hafa verið kjörnir. Það hefur þá þýtt að fulltrúi aðildarsamtaka sinna í miðstjórn á ekki varamann sem tekið getur stöðu hans tímabundið eða varanlega. Breytingatillöguinni er ætlað að tryggja bæði jafnvægi í skipan aðalmanna og tryggja að þeir eigi ætíð varamann sem taki stöðu hans og gæti hagsmuna þeirra aðildarsamtaka sem hann tilheyrir.

Fjöldi varaforseta

34.gr. 4.mgr. og 8.mgr. breytist og hljóði svo:

4.mgr.

Miðstjórn skal kosin til tveggja ára í senn, þannig að á sambandsþingi skulu forseti, ~~fyrsti annar~~ og ~~þriðji~~ varaforseti kosin sérstaklega og **þrettán elleftu** meðstjórnendur. Þessi mynda miðstjórn Alþýðusambands Íslands.

8.mgr.

Forfallist forseti eða varaforseta ~~ari~~ svo að þeir geti ekki gegnt störfum sínum, skal miðstjórn þegar koma saman til fundar og kjósa varaforseta úr hópi miðstjórnarmanna en ella gegnir ~~fyrsti~~ varaforseti störfum forseta í forföllum hans. ~~annar varaforseti í forföllum fyrsta varaforseta, og þriðji varaforseti í forföllum annars varaforseta.~~

Greinargerð:

Lengst af í sögu ASÍ hefur einungis verið kjörinn einn varaforseti. Það er ekki fyrr en í upphafi 21 aldar að þeir verða tveir og loks 3 á 40.þingi ASÍ 2020. Samkvæmt lögum ASÍ fara varaforsetar ekki með annað formlegt hlutverk en að leysa hvorn annan af í forföllum. Þeir sitja að jafnaði fundi formanna landssambanda, stærstu félaga og félaga í beinni aðild.

Boðun varamanna í miðstjórn

Við 34.gr. bætist tvær málsgreinar sem hljóði svo:

Miðstjórnarmaður sem forfallast frá fundi skal tilkynna skrifstofu ASÍ hvaða varamann skuli boða í sinn stað. Geti sá varamaður ekki sótt fund fer um boðun skv. 4.mgr.

Séu forföll ekki tilkynnt verða varamenn boðaðir eftir þeirri röð sem þeir eru skráðir skv. tillögu kjörnefndar eða kosnir ef um kosningu er að ræða. Byrjað er að boða þann sem er fremstur á listanum og síðan haldið niður listann. Farið skal er alla leið niður listann áður en sá fremsti er boðaður öðru sinni.

Greinargerð:

Samkvæmt hefð lætur aðalmaður í miðstjórn skrifstofu ASÍ vita, geti hann ekki sótt fund og þá hvern boða skuli í hans stað. Seinni málsgreinin byggir á 3.gr. reglna um boðun varamanna í miðstjórn þar sem segir: „Óski miðstjórnarmaður sem forfallast ekki eftir að neinn sérstakur sé boðaður í hans stað, verða varamenn boðaðir eftir þeirri röð sem þeir eru skráðir skv. tillögu kjörnefndar eða kosnir ef um kosningu er að ræða. Byrjað er að boða þann sem er fremstur á listanum og síðan haldið niður listann. Þessi aðferð er framkvæmd þannig að farið er alla leið niður listann áður en sá fremsti er boðaður öðru sinni.“

Reglur þessar voru settar og hefð sköpuð til þess að fylla í gat í lögum ASÍ sem nú er lagt að verði fyllt þannig að enginn vafi geti leikið á um framkvæmd.

Boðun formannafunda

35. grein 3.mgr. breytist og hljóði svo

Slíkan formannafund skal boða **með sannanlegum hætti** (bréflaga **eða rafrænt**) með minnst þriggja vikna fyrirvara, en heimilt er að stytta þann tíma við sérstakar aðstæður.

Greinargerð:

Mikilvægt er að boðun formannafunda sé gerð með sannanlegum hætti. Hugtakið bréflega var áður notað um almennar póstsendingar. Þær eru í dag bæði seinlegri, kostnaðarsamari og í sumum tilvikum óáreiðanlegri eftir breytingar á almennri póstpjónustu. Undanfarin ár hafa ASÍ og aðildarsamtökin byggt boðun funda á rafrænum sendingum í stoð bréflegra sendinga. Móttöku slíkra sendinga er auðvelt að staðfesta. Lagt er til með breytingu þessari að þeir starfshættir verði staðfestir. Sjá einnig samkynja tillögu um breytingu á 22.gr. um sambandsþing.

Skil á skýrslum og reikningum47. grein breytist í heild og hljóði svo:

Heiti greinarinnar breytist og verði:

„Skýrslur og reikningar aðildarsamtakanna“.

Fyrir 15. júní ár hvert skulu aðildarfélögin senda skrifstofu ASÍ upplýsingar um:

- a. Félagatölu, eins og hún var um næstliðin áramót.**
- b. Stjórn félagsins, sjóða þess deilda og ráða.**
- c. Starfsemina á liðnu starfsári.**
- d. Ársreikninga sína og sjóða í vörslu þeirra næsta ár á undan, áritaða af löggiltum endurskoðendum í samræmi við góða endurskoðunarvenju.**

Skrifstofa sambandsins leggur til eyðublöð vegna skýrslugjafar samkvæmt a, b og c lið.

Við gerð ársreikninga skal farið eftir reglugerð sem miðstjórn samþykkir.

Fyrir 15. júní ár hvert skulu landssamböndin senda skrifstofu ASÍ upplýsingar um stjórn sambandsins og starfsemina á liðnu starfsári.

Greinargerð:

Lagt er til að öll upplýsingagjöf félaganna fari fram í einu lagi innan hálfmánaðar frá aðalfundi en aðalfundi skal halda í síðasta lagi fyrir lok maí ár hvert sbr. 2.mgr. 16.gr. laga ASÍ. Samkvæmt gildandi 47.gr. skal senda upplýsingar um félagatölu fyrir 1.mars og upplýsingar um stjórnir og ársreikninga fyrir lok maí. Miðað við að halda megi aðalfundi allt til loka maí ár hvert og miðað við að allar ofangreindar upplýsingar eiga að liggja fyrir þá er aðalfundur er haldinn er gefinn tveggja vikna frestur til þess að skila ofangreindum upplýsingum inn til ASÍ en þær eru nauðsynlegar vegna undirbúnings þings ASÍ og vegna álagningar skatta. Samkvæmt gildandi ákvæði virðist mega túlka ákvæðið þannig að öll

upplýsingaskylda skv. ákvæðinu, að undanskildum upplýsingum og félagatal, eigi bæði við um félög og sambönd. Raunveruleikinn er sá að samböndin eru einungis krafín um upplýsingar um stjórn og starfsemi. Þessum vafa er nú eitt og heiti greinarinnar sem einungis vísar til aðildarfélaga breytt þ.a. taki einnig til sambanda hvað varðar stjórnir og starfsemi.

Núgildandi 47.gr. hljóðar svo:

Í upphafi árs, eða í síðasta lagi fyrir 1. mars ár hvert, senda aðildarfélögin skrifstofu ASÍ skýrslu um félagatölu, eins og hún var um áramótin.

Skrifstofa sambandsins leggur til eyðublöð vegna þessarar skýrslugjafar.

Fyrir lok maímánaðar skulu aðildarsamtökin senda skrifstofu ASÍ upplýsingar um stjórn einstakra samtaka og starfsemina á liðnu starfsári.

Skrifstofa sambandsins leggur til eyðublöð vegna þessarar skýrslugjafar.

Fyrir lok maímánaðar skulu aðildarsamtökin senda skrifstofu ASÍ ársreikninga sína og sjóða í vörslu þeirra næsta ár á undan, áritaða af löggiltum endurskoðendum í samræmi við góða endurskoðunarvenju.

Við gerð ársreikninga skal farið eftir reglugerð sem miðstjórn samþykkir.

Skil á skýrslum og reikningum - viðurlög

41. grein 7 og 8.mgr.

Við álagningu skatta vegna þeirra sem ekki hafa skilað inn ársreikningi skv. ~~3. mgr.~~ 47. gr. fyrir næstliðið ár skal nota áætlun. Áætlunin skal byggð á upplýsingum um iðgjaldatekjur næsta árs á undan. Ofan á þessar iðgjaldatekjur skal bæta þeim breytingum sem orðið hafa á reglulegum launum félagsmanna innan ASÍ skv. upplýsingum Hagstofunnar miðað við 2. ársfjórðung álagningarárs að viðbættu 10% álagi.

Sé ársreikningi skv. ~~3. mgr.~~ 47. gr. skilað eftir að skattur hefur verið áætlaður á félagið skv. 7. mgr. en fyrir árslok álagningarárs, skal endurskoða áætlunina og leggja á skatta með venjulegum hætti **að viðbættu 10% álagi**. Eftir það telst sú álagning endanleg.

Greinargerð:

Vísun til 3.mgr. 47.gr. er felld út í 7 og 8.mgr. 41.greinar m.v. að tillaga um breytingar á 47.gr. verði samþykktar. Við afgreiðslu lagabreytinga er því eðlilegt að bera fyrst upp breytingar á 47.grein. Í 8.mgr. er jafnframt lagt til að á skatta þeirra félaga sem ekki skila ársreikningum sínum á réttum tíma sbr. 47.greinar verði lagt 10% álag. Þetta er lagt til, til þess að hvetja aðildarfélögin til skila á réttum tíma en góð skil tryggja rétta hildarálagningu ár hvert og auðvelda skipulagningu þinga.

Ársreikningar ASÍ

46.gr. 1, 2 og 3.mgr. breytist og hljóði svo:

Ársreikninga ~~sjóða~~ ASÍ, ásamt samstæðuuppgjöri, fyrir hvert almanaksár skal leggja fyrir miðstjórn eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert. Ársreikninga ~~arni~~urinn skau ~~u~~ endurskoðaðu ~~u~~ af löggiltum endurskoðanda í samræmi við góða endurskoðunarvenju.

Við gerð ársreikninga ~~sa~~ skal hliðsjón höfð af viðmiðunarreglum sem miðstjórn samþykkir. Vinnudeilusjóð skal haldið aðgreindum frá öðru fé sambandsins og hann aðgreindur í bókhaldi Sambandssjóðs.

Reikningur ~~inn~~ ~~arni~~ skau ~~u~~ lagður ~~u~~ til fullnaðargreiðslu fyrir þing ASÍ.

Greinargerð:

Reikningar einstakra sjóða hafa sætt sjálfstæðri löggiltri endurskoðun þrátt fyrir að teljast hluti af ársreikningi og samstæðuuppgjöri ár hvert. Af því hefur hlotist verulegur kostnaðarauki. Að tillögu löggilts endurskoðanda er lagt til að þessu verði hætt. Þó túlka megi lög sambandsins þannig að ekki þurfi lagabreytingu er lagt til að öllum vafa sé í þessu efni eytt.

Réttindaöflun og flutningur réttinda milli sjúkrasjóða

49.gr. 1, 2 og 5.mgr. breytist og hljóði svo:

1 mgr. verði 2.mgr. og 2.mgr. 1.mgr.

Núverandi 2.mgr.

Sá sem öðlast hefur rétt til styrkja úr sjúkrasjóði eins aðildarfélags ASÍ, öðlast rétt til styrkja hjá nýju aðildarfélagi ASÍ skv. þeim reglum sem þar gilda eftir einn mánuð, enda hafi hann fram að því átt rétt hjá fyrra félaginu **og skilgrein ekki borist hinu nýja félagi innan þess mánaðar**. Þegar sótt er um styrki í nýju aðildarfélagi ASÍ skal umsækjandi leggja fram yfirlit um veitta styrki sem hann hefur þegið úr fyrra sjúkrasjóði aðildarfélags ASÍ sl. 36 mánuði.

Núverandi 1.mgr.

Sá sem öðlast hefur rétt til greiðslu dagpeninga og dánarbóta úr sjúkrasjóði eins aðildarfélags ASÍ eða BSRB, öðlast þann rétt hjá nýju aðildarfélagi skv. þeim reglum sem þar gilda eftir einn mánuð, enda hafi hann fram að því átt rétt hjá fyrra félaginu **og skilgrein ekki borist hinu nýja félagi innan þess mánaðar**. Þegar sótt er um dagpeninga eða dánarbætur í sjúkrasjóði nýs aðildarfélags ASÍ skal umsækjandi leggja fram yfirlit um greidda dagpeninga og dánarbætur sem hann hefur þegið úr fyrra sjúkrasjóði sl. 12 mánuði.

49.gr. 1.málsliður 5.mgr.

Sjúkrasjóðir aðildarfélaganna skulu tryggja sjóðfélögum sem 1% iðgjald hefur verið **mótttekið greitt** af **án athugasemda** í a.m.k. 6 mánuði, lágmarksbætur í veikinda- og slysatilfellum sem hér segir:

Lokamálsgrein falli út.

~~4.mgr. 49.gr. tekur gildi 1.7.2006 m.v. réttindaávinnslu frá 1.1.2006. Skila skal staðfestingu tryggingafræðings eða löggilts endurskoðanda skv. 3.mgr. 49.gr. í fyrsta sinn á árinu 2007 með ársreikningum fyrir fjárhagsárið 2006.~~

Greinargerð:

Færsla málsgreina byggir á því, að fyrsta málsgrein núverandi laga fjallar um flutning réttinda milli aðildarféлага ASÍ og BSR meðan 2.málsgrein fjallar um flutning réttinda milli aðildarféлага ASÍ. Betur fer á því að fyrst sé fjallað um flutning innan ASÍ og síðan flutning til aðildarféлага BSRB. Varðandi breytingar á fyrstu og annarri málsgrein að öðru leyti þá er þeim ætlað að skýra flutningsréttinn betur. Flest aðildarfélög fara eftir beinni orðanna hljóðan í þessum málsgreinum og veita einfaldlega 30 daga rétt eftir flutning en komið hefur upp ágreiningur um þennan rétt hafi útborgunardagur launa komið upp á fyrsta mánuði í starfi hjá nýjum atvinnurekanda. Hefji launamaður t.d. starf 10.12 2025 hjá nýjum atvinnurekanda, veikist 15.12 2025, fær útborguð laun 1.1 2026 og kemur til vinnu 10.1 2026 má með nokkrum rökum halda því fram hann eigi ekki fullan 30 daga rétt hjá fyrra félagi heldur einungis fyrir tímabilið 15.12 til 31.12 2025 en síðan hjá nýju félagi frá 1.1 2026 til 10.1 2026 þar sem búið útborgun hafði átt sér stað. Þetta hefur hins vegar ekki verið almenn túlkun sjúkrasjóða aðildarféлага ASÍ enda er iðgjöldum skilað talsverðu eftir að laun eru greidd út eða jafnvel að þau fari í vanskil. Til þess að tryggja að engir félagsmenn falli milli skips og bryggju er lagt til að ákveðið verði skýrt um þetta efni. Varðandi breytingar á fimmtu málsgrein, þá hefur sú staða komið upp, að vegna rangrar skráningar í stéttarfélag hafi það félag sem við iðgjöldum tók vegna félagsmanns, neitað honum um rétt í sjúkrasjóði, þrátt fyrir full skil iðgjalda þar sem hann hafi átt að vera í öðru félagi. Við þær aðstæður eru til dæmi um að viðkomandi félag hafi greitt til þess félags sem viðkomandi átti að vera í, sem svarar iðgjöldum af einum mánaðarlaunum til rétt félags og ráðlagt félagsmanni að sækja rétt sinn þar. Lagt er til að vafa í þessu efni verði eytt með því að taka fram í fyrsta málslið 5 málsgreinar, að það félag sem tekur við iðgjöldum án athugasemda beri um leið ábyrgð á réttindum og geti ekki vísað félagsmanni sem í góðri trú telur sig eiga réttindi í sjóðum þess félags sem iðgjöldum er skilað til.

Að lokum er lagt til að gildistöku ákvæði lokamálsgreinar verði felld úr lögnum með formlegum hætti.

Hækkun skatta til ASÍ vegna vinnustaðaeftirlits ASÍ

1.málsliður 2.mgr. 41.gr. breytist og hljóði svo:

„Árlegur skattur reiknast sem ~~7,85%~~ **8%** af samanlögðum iðgjaldatekjum félagssjóðs félaga og deilda innan hvers sambands eða félags með beina aðild vegna næstliðins almanaksárs.“

Ákvæði til bráðabirgða:

„0.15% prósentustigs hækkun árlegs skatts tekur gildi 1.janúar 2027 vegna tekna ársins 2026. Fyrir árslok 2027 skal miðstjórn ASÍ, að undangenginni umræðu á haustfundi formanna 2027 og að loknu mati á þróun, framkvæmd og kostnaði við aukið miðlægt vinnustaðaeftirlit, taka ákvörðun um hvort leggja skuli fyrir þing ASÍ 2028, tillögu um frekari hækkun skatta til þess að standa undir miðlægu vinnustaðaeftirliti.“

Greinargerð

Inngangur

Tillagan felur í sér 0.15% prósentustigs hækkun á árlegum skatti til ASÍ til þess að fjármagna þróun aukins miðlægs vinnustaðaeftirlits ASÍ.

Helstu breytingar: *Skattur hækkar úr 7,85% í 8% af iðgjaldatekjum. Markmiðið er að hækkunin standi að hluta undir rekstri nýs sameiginlegs eftirlitskerfis.*

Tilgangur tillögunnar: *Þróa frekar miðlægt eftirlit á vegum ASÍ. Auka samræmingu, fagmennsku og stöðugleika í eftirliti á vinnustöðum. Styðja betur við stéttarfélag og efla baráttu gegn brotum á vinnumarkaði.*

Núverandi staða og vandamál: *Eftirlit er nú að mestu í höndum aðildarfélaganna. Miklar sveiflur eru í umfangi eftirlits milli ára. Starfið er oft unnið meðfram öðrum verkefnum og getur verið krefjandi og áhættusamt. Skortur er á samhæfingu og sérhæfingu.*

Lausn samkvæmt tillögu: *Hefja þróun og mótun hlutverks miðlægs teymis eftirlitsfulltrúa hjá ASÍ. Stefnt verði að því að eftirlitið verði: Skipulagt á landsvísu; unnið í samstarfi við aðildarfélögin; framkvæmt í teymum (öryggis- og faglegar ástæður) og að ASÍ sjái um verkstjórn og skipulag.*

Hlutverkaskipting: *ASÍ sinni miðlægu eftirliti, samræmingu og sérhæfingu. Aðildarfélögin haldi áfram eftirliti og sjái um eftirfylgni mála.*

Ávinningur: *Betra og markvissara eftirlit. Sterkari vernd launafólks gegn brotum. Aukin þekking, samvinna og skilvirkni. Styrking verkalýðshreyfingarinnar og samstarfs við opinberar stofnanir.*

Óvissuþættir: *Vinnustaðaeftirlit á vettvangi ASÍ byggir á 4.gr. laga sambandsins þar sem segir að markmið ASÍ sé „Að vera vettvangur sameiginlegrar stefnumótunar og samræmingar á starfi aðildarsamtakanna.“*

Valdheimildir Vinnustaðaeftirlitsins liggja hjá eftirlitsfulltrúum sbr. 3.gr. samkomulags ASÍ og SA um vinnustaðaskírteini og framkvæmd eftirlits á

vinnustöðum. Þar segir um skilgreiningu hugtaka: „Eftirlitsfulltrúi: Starfsmaður stéttarfélags eða samtaka vinnuveitenda sem hefur heimild samráðsnefndar ASÍ og SA til eftirlits á vinnustöðum.“ Að fenginni heimild samráðsnefndar ASÍ og SA sbr. 7.gr. samkomulagsins geta starfsmenn samtaka stéttarfélaga tekið stöðu eftirlitsfulltrúa en þar segir: „Stéttarfélög, samtök þeirra og samtök vinnuveitenda geta óskað eftir því við samráðsnefnd ASÍ og SA að starfsmaður þeirra verði tilnefndur eftirlitsfulltrúi.“

Samkvæmt framansögðu er meginreglan sú að starfsmenn stéttarfélaga geti talist eftirlitsfulltrúar meðan það er háð samþykki samráðsnefndar ASÍ og SA að starfsmenn ASÍ geti tekið slíka stöðu. Forsenda þess að óumdeildu, miðlægu og virku eftirliti starfsmanna ASÍ verði komið á, er að samráðsnefnd ASÍ og SA samþykki þá sem eftirlitsfulltrúa á grundvelli 7.gr. samkomulags ASÍ og SA.

Þróun miðlægs eftirlits sem sinnt verði af starfsmönnum ASÍ hefur ekki verið tekið upp í samráðsnefnd ASÍ og SA. Nokkur óvissa kann því að vera til staðar hvað varðar frekari þróun þessa verkefnis. Hins vegar er ljóst þróun þessa má hefja en nauðsynlegt verður hins vegar að fjalla um frekari þróun þess á vettvangi samráðsnefndar ASÍ og SA þannig að öllum vafa um valdheimildir eftirlitsfulltrúa í fullu starfi hjá ASÍ við eftirlit um land allt verði eytt.

Aðdragandi tillögunnar

Í kjölfar vinnufundar miðstjórnar snemma árs 2025 var skrifstofu ASÍ falið að vinna tillögur að miðlægu vinnustaðaeftirliti á vettvangi ASÍ. Minnisblað um núverandi fyrirkomulag vinnustaðaeftirlits, áskoranir við það fyrirkomulag og grófar tillögur að útfærslu var svo kynnt fyrir miðstjórn um sumarið sem og á formannafundi ASÍ í október 2025. Tillögunnar þróuðust nokkuð með umræðum á framangreindum fundum og sjónarmiðum sem þar komu fram. Ítarlegri tillögur að útfærslu voru svo kynntar í vinnumarkaðsnefnd og miðstjórn í mars 2026.

Meginatriði tillögunnar

Með lagabreytingunni eru tekjur ASÍ auknar í því miði að hefja frekari þróun á sameiginlegu miðlægu vinnustaðaeftirliti á vettvangi ASÍ. Stefnt er að því að starfandi verði eftirlitsfulltrúar í fullu starfi á skrifstofu ASÍ til að sinna vinnustaðaeftirliti um land allt. Vinnustaðaeftirlit verður undirbúið og framkvæmt í samráði og samstarfi við aðildarfélögin, ekki síst þegar um ræðir heimsóknir utan höfuðborgarsvæðisins. Eftirlitsfulltrúar útbúa, eftir atvikum, skýrslur í kjölfar eftirlitsheimsókna sem þeir afhenda viðeigandi stéttarfélögum og útbúa jafnframt ábendingar um stærri brotamál fyrir samráðsvettvang gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði á vettvangi Vinnueftirlitsins (VER). Stéttarfélögin bera eftir sem áður ábyrgð á heilbrigði félagssvæða sinna og að fylgja eftir málum sem kunna að koma upp í vinnustaðaeftirliti á þeirra félagssvæði. Líta ætti á miðlægt vinnustaðaeftirlit sem aukna sérhæfða þjónustu við aðildarfélögin sem um leið styrkir verkalýðshreyfinguna í samstarfi við opinberar stofnanir sem einnig sinna eftirliti á vinnumarkaði.

Hér fyrir neðan er gerð grein fyrir fyrirkomulagi vinnustaðaeftirlits í dag, helstu áskorunum og helstu sjónarmiðum um miðlægni, auk þess sem fjallað er um útfærsluna og hlutverk miðlægs eftirlits gagnvart stéttarfélögum.

Fyrirkomulag vinnustaðaeftirlits í dag

Vinnustaðaeftirlitið byggir á lögum nr. 42 frá árinu 2010 um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum^[1]. Lögin má rekja aftur til stöðugleikasáttmála ASÍ, BHM, BSRB, Kennarasambandsins, Samtaka starfsmanna fjármála fyrirtækja (SSF), Samtaka atvinnulífsins (SA), ríkisstjórnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá árinu 2009. Markmið laganna er að „ tryggja að atvinnurekendur á innlendum vinnumarkaði og starfsmenn þeirra fari að gildandi lögum, reglugerðum og kjarasamningum.“ Með lögum fengu fulltrúar ASÍ og SA heimild til að viðhafa eftirlit á vinnustöðum. Lögin gefa eftirlitsfulltrúum jafnframt heimild til að kalla til lögreglu, til dæmis ef þeim er meinaður aðgangur að vinnustöðum sem lögin ná yfir. Þá er eftirlitsfulltrúum einnig heimilt að leita liðsinnis Vinnueftirlits ríkisins (VER) ef atvinnurekandi vanrækir skyldu sína um vinnustaðaskírteini og VER getur beitt dagsektum í slíkum tilvikum.

Til viðbótar við lögin liggur fyrir samkomulag ASÍ og SA^[2] sem skilgreinir frekar framkvæmd eftirlitsins og þær atvinnugreinar sem lögin ná yfir.

Lögin kveða jafnframt á um að eftirlitsfulltrúar skuli senda upplýsingar sem fram koma á vinnustaðaskírteinum til þeirra opinberu stofnanna sem fara með eftirlit á vinnumarkaði, svo þær geti framfylgt sínu eftirliti.

Fyrstu árin eftir að lögin voru sett árið 2010 sinnti SA eftirlitinu samhliða ASÍ og stéttarfélögum. Mörg ár eru liðin frá því að SA dró sig út úr framkvæmd eftirlitsins og í dag sinnir eingöngu verkalyðshreyfingin þessari starfsemi.

ASÍ veitir einstaklingum heimild til að sinna eftirlitinu með útgáfu sérstakra eftirlitsfulltrúaskírteina. Stéttarfélögin tilnefna fulltrúa, oftast starfsfólk en stundum stjórnarfólk, og senda beiðni á starfsfólk ASÍ sem útbýr skírteini og aðgang að Finni - skráningar- og gagnakerfi vinnustaðaeftirlitsins auk þess að afla sérstakrar trúnaðaryfirlýsingar frá viðkomandi. Hlutverk skrifstofu ASÍ hvað varðar eftirlitið felst í dag í almennri umgjörð og ýmis konar stuðningi við eftirlitsfulltrúana. Starfsfólk ASÍ gefur meðal annars út og endurnýjar eftirlitsfulltrúaskírteinin, heldur utan um póstlista eftirlitsfulltrúa, skipuleggur starfsdaga og aðra fræðslu, heldur stöðufundi á Teams á um tveggja vikna fresti og heldur úti Finni. Þá veitir verkefnastjóri vinnustaðaeftirlits hjá ASÍ félögum liðsinni við sjálft eftirlitið eftir atvikum.

Frá því að lögin um vinnustaðaeftirlit voru sett árið 2010 hefur eftirlitið verið í höndum stéttarfélaganna, án miðlægrar verkstjórnar eða samræmingar á landsvísu þó svo að jafnan hafi verið talsvert um samstarf milli félaga, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Sum félög hafa ráðið til starfa fulltrúa sem sinna að mestu eða eingöngu eftirliti en algengara er að starfsfólk á skrifstofum félaganna sinni eftirliti meðfram öðrum störfum.

Áskoranir í núverandi fyrirkomulagi

Helstu áskoranirnar í vinnustaðaeftirliti ASÍ og stéttarfélaganna eru annars vegar sveiflur í umfangi eftirlits og hins vegar krefjandi starfsumhverfi eftirlitsfulltrúa.

Sé litið til umfangs eftirlitsins má sjá töluverðar sveiflur milli ára. Hér má sjá samanburð á fjölda fyrirtækja sem sættu eftirliti árlega á tímabilinu 2018-2025:



Fækkun heimsóknna vegna samkomutakmarkanna í heimsfaraldri kórónuveiru er augljós milli 2019 og 2020 en öllum samkomutakmörkunum var aflétt í febrúar 2022 og eru því ekki skýringarþáttur eftir þann tíma. Sveiflurnar má að öðru leyti m.a. rekja til þess þegar reynslumiklir eftirlitsfulltrúar láta af störfum og svo má rekja fjölgun frá árinu 2023 til þess að stéttarfélag á höfuðborgarsvæðinu bætti við sig einum eftirlitsfulltrúa í fullt starf. Áherslur stéttarfélaganna hverju sinni hafa áhrif og ljóst er að hver eftirlitsfulltrúi í fullu starfi skiptir miklu máli í þessu samhengi.

Tekið skal fram að af 975 fyrirtækjaskráningum á árinu 2025 voru 325 gerðar í tengslum við eftirlitsátak í ferðapjónustu sem haldið var um miðlægt á vettvangi ASÍ yfir sumarið. Sé ferðapjónustuátakið, sem stóð yfir í 8 daga, undanskilið eru skráningar fyrir árið 650, samanborið við 827 árið á undan.

Dreifing fyrirtækjaskráninga árið 2025 má sjá hér fyrir neðan:



Starf eftirlitsfulltrúa er bæði sérhæft og krefjandi. Aðstæður úti á vinnustöðum geta verið ýmis konar og eftirlitsfulltrúar þurfa að búa yfir yfirgripsmikilli þekkingu og vita hvaða úrræði og bjargráð eru í boði. Þá þurfa þeir að kunna að gæta að eigin öryggi en vinnumarkaðurinn hefur orðið flóknari og lagskiptari á undanförunum árum og þetta hefur m.a. leitt til aukinnar hörku í samskiptum eftirlitsfulltrúa og atvinnurekenda. Starf eftirlitsfulltrúa krefst því samstarfs og samfélags við aðila sem sinna sömu störfum. Í núverandi fyrirkomulagi er þetta áskorun því eftirlitsfulltrúar starfa víða einir að verkefnum sínum og líkt og fram kemur hér að ofan sinna þeir oft eftirliti meðfram öðrum störfum á skrifstofum stéttarfélaganna. Þarna spilar líka inn í ólík stærð stéttarfélaganna og að minni félög hafa ekki kost á að halda úti fullu stöðugildi í eftirliti og hvað þá fleiri. Það er óæskilegt og ekki ráðlagt að eftirlitsfulltrúar séu einir á ferð í heimsóknum og reynslan sýnir að oft er erfitt fyrir samstarfsfólk eftirlitsfulltrúa á skrifstofum að losa sig og fara með þeim í eftirlit, enda verkefnið yfirleitt næg á skrifstofunni.

Stéttarfélög og eftirlitsfulltrúar þeirra hafa einnig lýst áskorunum við að sinna eftirliti í smáum bæjarfélögum þar sem nándin er mikil og fólk er í jafnvel daglegri umgengni við þá sem sæta eftirlitinu, þá í öðru samhengi eins og til dæmis í foreldrafélagi skólans á svæðinu. Af þessum sökum hafa félög í gegnum tíðina oft sóst eftir liðsinni frá skrifstofu ASÍ og einnig frá eftirlitsfulltrúum annarra félaga.

Helstu sjónarmið um aukna miðlægni

Með lögum nr. 42 um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum frá 2010 er aðilum vinnumarkaðarins veitt hlutverk og ábyrgð sem má að einhverju leyti líkja við opinbert hlutverk. Eftirlitsfulltrúar fá aðgang að vinnustöðum til þess að hafa eftirlit með kjörum launafólks en einnig til að miðla upplýsingum af vinnustöðum til opinberra stofnanna, fyrst og fremst Vinnueftirlits, Vinnumálastofnunar og Skattsins. Þetta hefur stundum verið orðað þannig að eftirlitsfulltrúar séu viðbótaraugu og eyru hins opinbera úti á vinnustöðum.

Hlutverk verkalýðshreyfingarinnar í eftirliti með kjörum birtist jafnframt víða í heimildum til að kalla eftir upplýsingum um launakjör, til dæmis í lögum um starfsmannaleigur, lögum um útsenda starfsmenn og lögum um atvinnuréttindi útlendinga.

Með lagabreytingum sem tóku gildi í upphafi árs 2025 um samstarf og samráð aðila vinnumarkaðarins við opinberar stofnanir um aðgerðir gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði er þetta fyrirkomulag styrkt enn frekar en þar kveður á um að samstarf hins opinbera við aðila vinnumarkaðarins á þessu sviði skuli vera formbundið.

Fyrirkomulag eftirlits á vinnumarkaði hér á landi endurspeglar sterka stöðu verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi og kallast að einhverju leyti á við fyrirkomulagið á hinum Norðurlöndunum, þar sem stéttarfélög eru einnig sögulega sterk.

Þó er fyrirkomulag eftirlits með kjörum alls ekki eins á öllum Norðurlöndunum og misjafnt hversu stórt hlutverk stéttarfélög leika. Í grófum dráttum má segja að hið opinbera gegni stærra hlutverki í að sporna gegn undirboðum, misneytingu og mansali í Finnlandi og í Noregi heldur en í Danmörku og Svíþjóð, þar sem stéttarfélög spila stærra hlutverk.

Eftir því sem komist er næst hefur verkalýðshreyfingin þó hvergi annars staðar á Norðurlöndum formlegt og lögbundið hlutverk í eftirliti á vinnumarkaði líkt og lög um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnumarkaði veita okkur hér á landi.

Færa má rök fyrir því að ofangreint sé styrkleiki íslensks vinnumarkaðar því reynslan hefur sýnt að eftirlitsfulltrúar, sem fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar, eru vel til þess fallnir til að nálgast launafólk, ekki síst aðflutt launafólk, og öðlast traust þeirra. Fyrir utan hefðbundið eftirlit með kjörum og réttindum og aðhald með atvinnurekendum hefur verkalýðshreyfingin víðtæka reynslu og þekkingu á því hvernig skal nálgast þolendur misneytingar og mansals.

Vinnustaðaeftirlit er einnig mikilvægt verkalýðshreyfingunni, því þannig skapar hún og styrkir tengsl hreyfingarinnar við launafólk og upplýsir það um réttindi sín og um mikilvægi stéttarféлага.

Mikilvægt er að standa vörð um þetta mikilvæga hlutverk verkalýðshreyfingarinnar, sinna eftirlitinu af ábyrgð og fara með vel þá ríku heimild í því felst.

Baráttan gegn undirboðum, misneytingu og mansali er hagsmunamál alls launafólks í landinu, ekki einungis þeirra sem verða fyrir brotunum. Séu kjarasamningsbrot látin óáreitt grefur það undan öllum þeim réttindum sem verkalýðshreyfingin hefur barist fyrir gegnum tíðina. Þótt brot séu vissulega algengari í sumum atvinnugreinum en öðrum, eiga þau sér stað alls staðar á vinnumarkaði og séu brot látin óáreitt í einni grein er hætt við að þau flæði yfir í aðrar atvinnugreinar.

Margt mælir því með því að haldið sé um starfsemi vinnustaðaeftirlitsins fyrir öll aðildarfélög ASÍ með samræmdum miðlægum hætti á vettvangi ASÍ og það fjármagnað og rekstur þess tryggður til með sama hætti og starfsemi ASÍ almennt. Sú fjölgun stöðugilda sem þær tillögur sem hér eru lagðar fram falla ekki innan núverandi fjármögnunar á núverandi verkefnum á skrifstofu ASÍ og þarf því að afla viðbótartekna vegna þeirra líkt og lagt er til í fyrirbyggjandi frumvarpi til breytinga á 41. gr. Laga ASÍ.

Það er til mikils að vinna að frekari stöðugleiki og stofnanaminni byggist upp um framkvæmd vinnustaðaeftirlits, til að tryggja megi grundvöll sérhæfðs vinnustaðaeftirlits til framtíðar. Eftirlitsfulltrúar sem stéttarfélögin kjósa að hafa áfram á skrifstofum sínum munu einnig njóta góðs af auknum stuðningi frá sérhæfðum, miðlægum eftirlitsfulltrúum.

Mikilvægt er að sérhæft starf eftirlitsfulltrúans fái viðurkenningu og að fleiri eftirlitsfulltrúar fái rými til að sinna eftirlitinu og styrkja sig í starfi. Það segir sig sjálf að stéttarfélög geta ekki öll verið með einn eða fleiri fulltrúa í vinnu sem starfa eingöngu við eftirlit. Þá þarf að byggja upp sérhæft teymi eftirlitsfulltrúa sem sinna ekki öðrum störfum samhliða.

Með miðlægu eftirlitsteymi, þar sem ASÍ færi með verkstjórn í samráði við aðildarfélögin, væri auðveldara að gera áætlanir fram í tímann og skipuleggja eftirlitsátök í stökum atvinnugreinum. Þannig væri hægt að standa fyrir markvissari gagnaöflun og skýrslugerð. Einnig væri auðveldara að sníða fræðslu og endurmenntun fulltrúa betur að þörfunum hverju sinni, til dæmis í aðdraganda eftirlitsátaka í tiltekinni atvinnugrein.

Sjá má fyrir sér að félög gætu fengið útbúnar sérsniðnar skýrslur fyrir sín félagssvæði sem hægt væri að kynna fyrir stjórnnum og/eða trúnaðarráðum, birta á heimasíðum sínum og þar fram eftir götunum.

Tillaga að útfærslu á miðlægu vinnustaðaeftirliti

Með fleiri eftirlitsfulltrúum er áætlað að ASÍ geti með tíð og tíma sinnt lágmarkseftirliti um allt land og umfang miðlægs eftirlits yrði meira en nú er, sé miðað við skráningar í Finn. Ekki er lagt til að félögin hætti alfarið að sinna eftirliti en gera má ráð fyrir að einhver félög muni draga úr sínu eftirliti á mótí.

Miðað er við að tveir eftirlitsfulltrúar geti heimsótt 500 fyrirtæki á ári. Um er að ræða áætlun miðað við meðaltal síðustu tveggja ára. Við útreikningana er miðað við tveggja manna teymi því eftirlitsfulltrúar fara almennt af öryggisástæðum ekki einir í eftirlit. Setja þarf þann fyrirvara við áætlunina að miðlægir eftirlitsfulltrúar á skrifstofu ASÍ þurfa að gera ráð fyrir meiri ferðalögum um landið heldur en viðmiðunartölurnar gera ráð fyrir. Fjarlægð milli vinnustaða er gjarnan meiri á landsbyggðum en á höfuðborgarsvæðinu og þetta gæti þýtt að fyrirtækjaskráningar verði færri. Á mótí má nefna að hugsanlega verði með miðlægu teymi hægara að skipuleggja sameiginlegar eftirlitsheimsóknir með opinberu aðilunum, fyrst og fremst Vinnueftirlitinu en einnig lögreglu og Skattinum og þannig hægt að nýta mannauðinn betur.

Tillagan miðar að því að ASÍ ráði til sín eftirlitsfulltrúa til að sinna miðlægu vinnustaðaeftirliti og greiði laun þeirra. Eftirlitsfulltrúarnir hafa starfsstöð á skrifstofu ASÍ og starfa undir verkstjórn ASÍ samkvæmt skipulagi sem er mótað í samráði við aðildarfélögin. Skipulagið felur meðal annars í sér eftirlitsferðir um landið, þar sem aðildarfélög á landsbyggðinni veita eftir atvikum aðstöðu á skrifstofum sínum eftir því sem aðstæður leyfa.

Hlutverk eftirlitsfulltrúa er að sinna undirbúningi, framkvæmd og eftirfylgni eftirlitsheimsókna á vinnustaði. Í eftirliti veita þeir launafólki upplýsingar um réttindi, skyldur og hlutverk stéttarfélaganna, skrá upplýsingar í Finn, tilkynna samstarfsstofnunum um frávík sem falla undir þeirra verksvið og eru á verði gagnvart vísbendingum um misneytingu og/eða mansal. Þegar tilefni er til útbúa eftirlitsfulltrúar samantektir um tiltekin fyrirtæki/vinnustaði og afhenda viðkomandi aðildarfélögu eða -félögum, auk þess sem þeir senda tilkynningar til opinberra stofnana í gegnum Finn þegar mál krefjast þess. Í flóknari og stærri málum útbúa þeir jafnframt skriflegar samantektir til samstarfsvettvangs sem Vinnueftirlitið leiðir og halda hlutaðeigandi stéttarfélögum upplýstum um framvindu mála eftir því sem unnt er.

Eftirlit er að jafnaði framkvæmt í teymi, með öðrum eftirlitsfulltrúum ASÍ, starfsfólki stéttarfélaganna og/eða fulltrúum samstarfsstofnana. Starfshættir, leiðbeiningar og vinnuferlar byggja á reynslu verkalýðshreyfingarinnar, en jafnframt er gert ráð fyrir að hlutverk og verklag þróist á næstu misserum í nánú samstarfi ASÍ og aðildarfélaganna, ekki síst með tilliti til samskipta og verkaskiptingar við félög og landssambönd.

Hvað varðar félagslega umgjörð og staðsetningu miðlægs eftirlits í skipulagi ASÍ gæti eftirlitið heyrt undir vinnuþingarnefnd miðstjórnar ASÍ eða sérstaka starfsnefnd miðstjórnar sem hefði þannig aðkomu og áhrif á mótun eftirlitsins.

Skipting verkefna milli ASÍ og stéttarfélaganna

Hlutverk stéttarfélaganna er að sinna áfram eftirliti eftir þörfum, til dæmis með því að fylgja eftir ábendingum sem miðlægt vinnustaðaeftirlit ASÍ hefur ekki tök á að fylgja eftir. Þá er einnig æskilegt að starfsfólk stéttarfélaganna geti af og til tekið þátt í skipulögðum eftirlitsferðum með miðlægum eftirlitsfulltrúum, enda þekkja félögin sín félagssvæði best og mikilvægt að sú þekking nýtist við að undirbúa eftirlit á hverjum stað.

Aðildarfélög taka við skýrslum í kjölfar eftirlits þegar um er að ræða staðfest eða líkleg brot á kjarasamningum eða öðrum reglum sem varða kjör launafólks. Ef launamaður sem eftirlitsfulltrúi hefur haft samskipti við óskar aðstoðar við launaútreikninga og/eða hugsanlega launakröfu tekur stéttarfélagið við málinu og setur það í farveg hjá starfsfólki félagsins. Í sumum tilvikum kann að vera þörf á eftirfylgni með annarri heimsókn skömmu síðar og þá getur verið æskilegt að stéttarfélagið annist slíka eftirfylgni.

Stéttarfélagið, og eftir atvikum landssamböndin, stuðla að því að eftirlitsfulltrúar geti sérhæft sig, meðal annars með fræðslu og þjálfun í samráði við ASÍ. Þá

útnefna félögin tengilið á skrifstofu sinni vegna miðlægs vinnustaðaeftirlits og veita eftirlitsfulltrúum þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru við undirbúning, framkvæmd og eftirfylgni eftirlits, eftir því sem heimildir og aðstæður leyfa.

Hlutverk vinnustaðaeftirlits ASÍ yrði að sinna eftirlitsheimsóknum á öllu landinu í samráði og samstarfi við félög hvers svæðis, tryggja samfellu og samræmingu og skapa vettvang fyrir uppbyggingu sérhæfðrar þekkingar og reynslu í eftirliti í ólíkum starfsgreinum.

Eftirlitsfulltrúar ASÍ starfa samkvæmt skipulagi sem ASÍ útfærir í samráði við aðildarfélögin. Teymið fylgir jafnframt eftir ábendingum sem berast ýmist til ASÍ eða til stéttarfélaganna þegar unnt er, þó ljóst sé að eftirlitið geti ekki brugðist við öllum ábendingum. Í slíkum tilvikum eru félögin hvött til að fylgja ábendingum sjálf eftir, með stuðningi og undirbúningi frá skrifstofu ASÍ eins og við á.

Eftirlitsfulltrúar ASÍ hljóta grunnfræðslu áður en þeir hefja störf og þjálfun með því að sinna eftirliti með reyndum fulltrúum. Í kjölfarið er gert ráð fyrir sérhæfingu innan teymisins, þannig að tilteknir fulltrúar verði sérhæfðir í starfsgreinum sem heyra undir kjarasamninga félaga í Landssambandi íslenskra verzlunarmanna, kjarasamninga Eflingar og félaga í Starfsgreinasambandi Íslands (SGS) og starfsgreinum sem heyra undir kjarasamninga Fagfélaganna og félaga í Samiðn. Sérhæfingun felst meðal annars í því að fulltrúarnir kynna sér sérstaklega kjarasamninga viðkomandi félaga og starfa sem tengiliðir við kjaramáladeildir viðkomandi félaga, þannig að ábendingar geti flætt markvissar á milli. Jafnframt mætti skoða hvort sérhæfðir eftirlitsfulltrúar ættu að sitja fundi kjaramálasviða stærstu félaganna til að styðja við flæði upplýsinga og tengsl félaganna við eftirlitsfulltrúana.

Það er lykilatriði að umgjörð um samskipti milli miðlægra eftirlitsfulltrúa og stéttarfélaganna sé góð og stuðli að árangursríku eftirliti. Ætla má að umgjörðin þróist eftir því sem reynsla verður til.

ASÍ veitir eftir sem áður það utanumhald og fræðslu sem hingað til hefur staðið eftirlitsfulltrúum stéttarfélaganna til boða og þeim yrði áfram boðið á stöðufundi og starfsdaga sem ASÍ heldur utan um.

^[1] <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2010042.html> : ^[2] https://skirteini.is/wp-content/uploads/2025/06/Vinnustadaeftirlit_vidbotarsamkomulag_2013-2024.pdf

Gildistökuákvæði

51.gr. breytist og hljóði svo:

51. grein

Lög þessi eins og þeim var síðast breytt á 476. þingi 2024, öðlast þegar gildi. ~~að undanskildum breytingum á 1.mgr. 49.gr. sem taka gildi 1.12.2024.~~ Jafnframt falla úr gildi eldri lög Alþýðusambands Íslands.